

Mál nr. 100/2008

M

og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar Í hf.

Kona krefst bóta vegna slyss sem hún varð fyrir við afhendingu bókakassa þ.3.2.2006.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 28.5.2008, ásamt fylgiskjölum 1-10

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig að hún hafi verið að bera 25 kílóa bókapakka úr póstbíl og dottið/hrasað á leiðinni og fallið fram fyrir sig og fengið við það verki í háls, hægri öxl, brjóst, bak og einnig verk í hné, M segist ekki hafa mist bókapakkann í umrætt sinn. M krefst bóta á þeim grundvelli að hún hafi orðið fyrir umræddu slysi vegna vanbúnaðar við vinnuaðstöðu en vinnuaðstaðan hafi verið slík að brotið hafi gegn reglum um öruggar aðstæður á vinnustað. Þá er á það bent að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á eða gögn lögð fram sýna fram á að M hafi orðið fyrir umræddu slysi vegna aðgerða eða aðgerðaleyysis eða aðstæðna sem varða vinnuveitenda hennar Í. M á því ekki rétt á bótum úr hendi V

Niðurstaða.

M á ekki rét á bótum úr hendi V vegna ofanagreinds slyss.

Reykjavík 11.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.